

22. FUNDUR Í STJÓRN FRAMKVÆMDASJÓÐS FERÐAMANNASTAÐA

Tuttugasti og annar fundur stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða var haldinn miðvikudaginn 29. janúar 2013 kl. 08:30 í fundarherbergi Ferðamálastofu að Geirsgötu 9.

Viðstaddir: Albína Thordarson arkitekt FAÍ formaður, Guðjón Bragason fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Sævar Skaptason fulltrúi Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF) og Anna G. Sverrisdóttir fulltrúi Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF) .

Frá FMS: Af hálfu Ferðamálastofu sátu fundinn Sveinn Rúnar Traustason og Katrín Gylfadóttir.

1. 2. Úthlutun. Staða mála:

Ráðherra ferðamála, Steingrímur J. Sigfússon mun úthluta styrkjum úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða með formlegum hætti fimmtudaginn 31. Janúar kl. 15:00 í Kex hostel Rvk.

2. 3. Úthlutun úr sjóðnum. Auglýsing. Áherslur ofl.

Farið var yfir auglýsingu eftir styrkumsóknum fyrir 3. úthlutun úr sjóðnum

Ákveðið var að setja skilafrest umsókna 1. mars og stefna að því að stjórn skili tillögum til ráðherra 1. maí.

Sveinn beðinn um að fara vel yfir umsóknarsíðu með það að markmiði að leiða umsækjendur betur í gegnum umsóknarferlið. Sjá til þess að umsóknir berist bæði rafrænt og útprentaðar. Þá þarf að yfirfara leiðbeiningarit um umsóknir og skipta úr Ferðamálastofu fyrir Framkvæmdasjóð ferðamannastaða. Stjórn óskar eftir sér svæði á síðu Ferðamálastofu, fyrir Framkvæmdasjóð ferðamannastaða, til að vísa á upplýsingar og auðvelda umsóknarferlið. Óskað eftir að þetta verði unnið á árinu, Sveinn mun tala við Halldór upplýsingastjóra Ferðamálastofu vegna þessa .

Fram kom á fundinum að stjórn vildi gjarnan að sjóðurinn verði meira sýnilegur í framtíðinni.

Sjóðurinn þarf að setja sér stefnu og langtíma markmið.

Fundi slitið 10:00. Næsti fundur ákveðinn 6. Febrúar n.k.

Reykjavík 29. janúar. 2013/Katrín, Sveinn